

Nd.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda.

Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum er heimild til að fyrirskipa atvinnurekendum að vinna við innheimtu opinberra gjalda á þann hátt að halda gjöldum eftir af kaupum fólks, sem hjá þeim vinna, og skila fénu til innheimtumanna hins opinbera. Heimild þessi mun víða notuð í seinni tíð, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna, sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil vinna og ábyrgð, og það verður að teljast mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir, þegar aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir sín störf. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frv., að atvinnurekendur, sem innheimta opinber gjöld, fái þóknun fyrir það starf, er nemi 3% af innheimtufénu. Það getur verið álitamál, hvort sú þóknun er hæfileg eða hvað hún á að vera mikil. Er það íhugunarefni fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega verður falið að fjalla um málið. En að því er stefnt með frv., að hér komi sanngjörn borgun fyrir unnin störf.